

Akureyrarbær  
Anna Bragadóttir  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500059/ksj

## **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut - Súluveg.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrarbæjar er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 á athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut – Súluveg, Akureyri.

### **Tillaga að breyttu aðalskipulagi**

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2005 – 2018 kemur fram að gatnamótum Þingvallastrætis og Miðhúsabrautar er breytt og þau færð til austurs. Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur á meginhluta lóðar núverandi steypustöðvar og fleiri fyrirtækja við Súluveg. Lóð mun minnka miðað við nágildandi lóðasamning. Skilgreindur er nýr landnotkunarreitur við gatnamót Súluvegar og Miðhúsabrautar, fyrir metanáfyllingarstöð Norðurorku. Einnig er sett inn tákni (iðnaðarsvæði) þar sem nú er dælustöð fyrir kalt neysluvatn við Þingvallastræti.

### **Náttúrumínjar**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að aðgengi almennings verði bætt meðfram Gleránni á svæði lóðar steypustöðvar og fleiri fyrirtækja við Súluveg og bendir á að skv. 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er óheimilt að hindra umferð gangandi manna á vatns-, ár-, eða sjávarbakka. Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að fullt tillit verði tekið til Glerár og Glerárgils, en Glerárgil er á svæði nr. 508 á náttúrumínjaskrá, en þar segir: „Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmýndanir, fossar, skessukailar og skútar. Söguminjar“.

### **Áfyllingarstöð fyrir metan**

Umhverfisstofnun bendir á að á áfyllingarstöð fer fram meðhöndlun á eldfimu gasi. Ef slys verður getur mikill eldhnöttur myndast ef leiðslur eða tankur undir miklum þrýstingi tendrast. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar fjarlægðir (öryggisradíus) í næstu byggingar verði skoðaðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þess verði gætt á framkvæmdatíma áfyllistöðvar að hljóðmengun og loftmengun á svæðinu verði haldið í

lámarki.

Að öðru leyti telur stofnunin áform tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 til mikilla bóta fyrir svæði á náttúruminjaskrá og aðgengi almennings meðfram Glerá.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun